

AUGLÝSING

um mat á bifreiðum, er skemmast á leið til landsins.

Ef ný bifreið, sem keypt er og flutt til landsins, verður fyrir verulegum skemmdum við flutning hingað til lands, getur innflytjandi fengið skemmdirnar dregnar frá fullu tollverði bifreiðarinnar, er tollafgreiðsla fer fram, ef þær eru metnar svo sem hér segir:

1. Innflytjandi afhendi viðkomandi tollstjóráskrifstofu innan viku frá því að bifreiðin kom til landsins, skriflega beiðni um matið, þar sem skemmdunum er lýst í aðalatriðum.

2. Séu skemmdirnar svo verulegar, að ástæða þyki til að lækka tollverð bifreiðarinnar vegna þeirra, lætur tollstjóri dómkvadda menn framkvæma matið á kostnað innflytjanda eða váttryggjanda bifreiðarinnar, og verða skemmdirnar þá dregnar frá tollverði hennar (óskemmdrar) samkvæmt matinu, er tollafgreiðsla fer fram. Matinu má þó áfrýja til yfirmats.

Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1965.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Björn Hermannsson.

31. maí 1965.

Nr. 104.

AUGLÝSING

um útgáfu nýs 100 króna bankaseðils samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 gefið út nýjan 100 króna seðil með svofelldri gerð:

Seðillinn er að öllu leyti eins og áður útgefinn 100 króna seðill, sem auglýstur var í Lögbirtingablaðinu 7. maí 1960, að undanskildum eftirtöldum breytingum:

Á framhlið:

Efst á framhlið fyrir miðju kemur Seðlabanki Íslands í stað Landsbanki Íslands, Seðlabankinn.

Seðillinn er gefinn út samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961.

Eiginhandarundirskriftir bankastjóra Seðlabankans, Jóhannesar Nordal, Jóns G. Mariássonar og Vilhjálms Þór, eru prentaðar til skiptis á seðlana, þannig að tvær undirskriftir koma á hvern seðil.

Fyrir framan bæði númer hvers seðils eru stafirnir DA með upphafsstöfum.

Á bakhlið:

Merki Seðlabanka Íslands kemur í vinstra horn neðan til í stað merkis Landsbanka Íslands, Seðlabankans.

Litur:

Seðillinn er prentaður í blágrænum lit, sem er eins á báðum hliðum. Er um að ræða nýjan lit borið saman við hinn eldri seðil og er litamunur einkum áberandi á bakhlið.

Hinn eldri 100 króna seðill frá 1960 verður áfram í umferð og heldur fullu gildi.

Auglýsing þessi er í framhaldi af auglýsingu frá 30. marz s. l., sem birtist í 34. tölublaði Lögbirtingablaðsins og Stj.tíð. B, nr. 65/1965.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. maí 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 105.

3. júní 1965.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir barnaheimili fyrir vangefin börn að Tjaldanesi, Mosfellssveit, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um barnaheimili fyrir vangefin börn að Tjaldanesi, Mosfellssveit.

Stjórn styrktarfélagssins Tjaldaness gerir hér með svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið að Tjaldanesi, Mosfellssveit, Gullbringusýslu.

1. gr.

Heimilið er sjálfseignarstofnun. Eignir stofnunarinnar eru ca. 3 ha lands í Tjaldanesi, Mosfellssveit, ásamt öllum húsum og mannvirkjum, er á landinu eru og kunna að rísa, hitaveituréttindum og munum öllum innanhúss, er stofnunin á eða síðar kann að eignast.

Á stofnuninni mega eingöngu hvíla skuldir vegna framkvæmda og starfrækslu í þágu stofnunarinnar.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að veita vangefnum börnum og unglíngum uppeldi og menntun, sem framast er unnt, og fá til þess hæfa og sérmenntaða kennara.

3. gr.

Fasteignir og lausafjármuni barnaheimilisins að Tjaldanesi má ekki selja né láta af hendi, nema andvirðinu sé varið til eflingar vangefnum börnum í samráði við félagsmálaráðuneytið og með samþykki þess.

4. gr.

Stjórn styrktarfélagssins Tjaldaness er jafnframt framkvæmdastjórn fyrir sjálfseignarstofnunina að Tjaldanesi og annast hún allan rekstur heimilisins ásamt og í samráði við forstöðumenn heilbrigðismála.